

FUNDARGERÐ

3. fundur í stjórn FÍSOS 12.12.2011 í Grasagarði Reykjavíkur.

Mættir: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allansson og Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Á fjarfundi voru: Arndís Bergsdóttir og Haraldur Þór Egilsson.

Formaður setti fundinn kl. 12.30. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla Farskóla FÍSOS 2011

Einungis skýrsla um starfsemi hópa hefur verið lögð fram og er nú aðgengileg á heimasíðu FÍSOS. Formaður mun kalla eftir heildarskýrslu um farskólastarfið almennt.

2. Endurmenntun

Endurmenntunarnámskeið FÍSOS með safnafræði HÍ í mars n.k. Skráning gengur vel. Sigurjón Baldur hjá HÍ sér um að panta fyrirlesarann. Heildarstyrkur FÍSOS vegna námskeiðsins er kr. 105 þús. Formaður hefur samband við Sigurjón Baldur.

3. Umsókn um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ekkert er enn að fréttu af umsókn FÍSOS til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ekkert farið að vinna í henni í ráðuneytinu. Samþykkt að formaður og varaformaður panti fund með Eiríki Þorlákssyni og ráðherra sem fyrst.

4. Önnur mál

Heimasíða FÍSOS: Ýmis vandkvæði eru varðandi vefinn vegna þess að umsjónarmaður hans er staddur í öðru tímabelti. Ákveðið að hafa samband við umsjónarmann Elfu Hlín og kanna hvort hún hafi áhuga á að færa umsjón vefsins til stjórnar FÍSOS. ÞP og HAG munu þá sjá um hann til að byrja með.

JA greindi frá að 29 nýir félagsmenn hefðu komið inn í gegnum safnafræði og hagnýtrar menningarmiðlunar í HÍ. Leggja þarf áherslu á að fá söfnin sjálf til að ganga í félagið.

Nýju safnalögin: Stjórn ICOM á Íslandi hefur boðað formann á fund vegna nýju safnalaganna. Formaður mun miðla umræðum og niðurstöðum þess fundar til stjórnar.

Formaður greindi frá að forstöðumaður Náttúruuminjasafns, helgi Torfason hefði óskað eftir að hitta hana.

Starfshópur um starfsemi FÍSOS hefur enn ekki hist en mun gera það alveg á næstunni.

JA sagði frá að stjórn Farskólans 2012 muni hittast fljótlegta til að ræða þema farskólans.

Fleira gerðist ekki.